

Fimmtudaginn 23. júní 1988.

Nr. 70/1987. **Steinar Guðjónsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Heimi Guðmundssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Verksamningur. Geymslugreiðsla. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1987 og gerir áfrýjandi þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara að kröfur stefnda verði lækkaðar. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig að frá 1. mars 1987 til greiðsludags sé skuld áfrýjanda „með hæstu lögleyfðum ársvöxtum vanskila, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 25 frá 1987“. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda greiðslu fyrir vinnu við lagfæra þak á húsi og bílskúr áfrýjanda í Þorlákshöfn. Í stefnu er verkinu þannig lýst, að áfrýjandi hafi óskað eftir því, að stefndi „lagfærði skemmdir á klæðningu, vindskeiðum o.fl. þannig að þaki yrði eigi áfátt svo og að járnklæða þakið að viðgerð lokinni bæði á íbúðarhúsi og bílskúr“, og að verkið hafi verið „unnið í júlí 1985“. Á reikningi er tímabilið 11. til 26. júlí tilgreint og vinnustundir taldar samtals 133. Samkvæmt vinnuseðlum var unnið við þök til 31. júlí og sá tími allur meðtalinn í reikningi. Tveir vinnuseðlar eru fyrir vinnu 1. ágúst. Á öðrum þeirra er ekki sagt, hvað unnið var, en á hinum er verklýsingin: efnað í stokka, felld að baðkeri. Áfrýjandi mótmælir því, að þarna hafi verið unnið fyrir sig. Vinnuseðlar þessir eru ekki í samræmi við verklýsingu í stefnu og þykir verða að taka mótmæli áfrýjanda við reikningsgerð stefnda að þessu leyti til greina. Að öðru leyti hefur áfrýjandi ekki hnekk

reikningi stefnda en sjálfur kvaðst áfrýjandi fyrir dómi ekki hafa skrifað niður tíma, meðan á verkinu stóð.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ekki sé sannað að stefndi hafi gefið áfrýjanda eftir þann hluta kröfu sinnar, sem umfram er 15.000,00 krónur, og kemur enda fram í vitnisburði eigin konu áfrýjanda, að stefndi hafi sagt, „að hann gæti ekki sætt sig við þetta“. Stefndi tók við óutgefnum „vixli“ að fjárhæð 15.000,00 krónur samþykktum af áfrýjanda pr. 15. október 1985 en snerist hugur og reif hann. Rífrildið liggur frammi í málinu og hefur nafn útgefanda ekki verið ritað á það. Hinn 26. ágúst 1985 krafði lögmaður stefnda áfrýjanda greiðslu allrar reikningsfjárhæðarinnar. Kröfunni var hafnað og því haldið fram að skuldinni hefði verið lokið með vixlinum. Á gjalddaga hans lagði áfrýjandi 15.000,00 krónur á greiðslugeymslu og fékk kvittun, sem lýst er í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð kvittun afgreiðslu Landsbanka Íslands í Þorlákshöfn 15. október 1985 „fyrir deponeringu nr. 8“ með svohljóðandi texta:

„Steinar Guðjónsson, Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn. Nafnúmer: 8407-1285 hefur í dag deponerað kr. 15.000,00 Fimmtánþúsund 00/100 vegna skuldar samkvæmt vixli pr. 15.10. 1985, að upphæð kr. 15.000,00 Steinar Guðjónsson, samþykkur og greiðandi. Heimir Guðmundsson útgefandi. Vixillinn greiddur upp.“ Áfrýjandi tilkynnti stefnda ekki um greiðsluna, en tilkynning um hana er hins vegar í bréfi lögmanns áfrýjanda til lögmanns stefnda 25. nóvember 1985. Eftir það gat stefndi sýnt vixilrífrildið í bankanum, gefið vixilinn út og fengið hann greiddan. Er honum enn sú leið opin.

Samkvæmt þessu þykir skuld áfrýjanda við stefnda vera sem hér segir:

Skuld samkvæmt reikningi	kr. 37.320,00
Frá dragast vinnuseðlar 1. ágúst 1985	kr. 3.873,00
	kr. 33.447,00
Frá dregst fjárhæð vixilsins	kr. 15.000,00
Eftistöðvar	kr. 18.447,00

Ber að dæma áfrýjanda til greiðslu þessarar fjárhæðar. Hækkun vaxtakröfu stefnda er mótmælt. Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað

málinu, en samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 verða vextir dæmdir eins og greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000,00 krónur.

Staðfesta ber löghaldsgerð þá, er fram fór 14. febrúar 1986, með þeirri breytingu, er leiðir af þessum úrslitum.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Steinar Guðjónsson, greiði stefnda, Heimi Guðmundssyni, 18.447,00 krónur með 45% ársvöxtum af 33.447,00 krónum frá 1. september 1985 til 15. október s.á. en af 18.447,00 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, síðan 33% ársvöxtum til 1. apríl s.á. en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 50.000,00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Staðfest er löghald í húseigninni að Skálholtsbraut 3 í Þorlákshöfn fyrir þessari dómsskuld.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 2. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. nóvember sl., er höfðað með stefnu birtri 24.02. sl.

Stefnandi er Heimir Guðmundsson húsasmiðameistari, nnr. 1464-2161, Lyngbergi 5, Þorlákshöfn.

Stefndi er Steinar Guðjónsson, nnr. 8407-1285, Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 37.320,00 auk 42% ársvaxta frá 1.8. 1985 til 1.9. s.á. en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Þá er krafist staðfestingar á löghaldsgerð er fram fór í húsi stefnda Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn, þann 14.2. sl. sem og greiðslu alls kostnaðar sem af henni leiðir og leiða kann.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um greiðslu fyrir vinnu við lagfæringu á þaki á húsi og bilskúr en sú vinna var í té látin í júlímánuði 1985 skv. reikningi á dskj. nr. 3.

Reikningurinn er að fjárhæð kr. 37.320,00 sem er stefnukrafa máls þessa og er hann studdur vinnunótum starfsmanna stefnanda og stefnanda sjálfs á dskj. nr. 9 - 15 og dskj. 28 - 30.

Stefnandi fór á fund stefnda á heimili stefnda að kvöldi 15. ágúst og krafði um greiðslu skuldarinnar. Segir stefndi að hann hafi við það tækifæri boðið fram greiðslu í formi víxils að fjárhæð 15.000,00 með gjalddaga 15. október 1985. Kom fram hjá stefnanda að stefndi hafi haft orð á því við hann áður að stefnda þætti vinna við viðgerðina dýr.

Stefnandi kveðst hafa tekið við skuldarviðurkenningu þessari og hafi stefndi þá lýst því yfir að ekki yrði um frekari greiðslu að ræða af hans hálfu.

Stefnandi kveðst hafa orðið undrandi og reiður en í rauninni ekki vitað hvað hann ætti að gera.

Daginn eftir kom hann á heimili stefnda og lýsti því að hann sætti sig ekki við þessi málalok. Hann hafi rífið víxlinn til hálfis og sagst mundu fara með mál þetta lengra. Hins vegar hafi honum hugkvæmst áður að selja víxlinn en snúist hugur og því farið á fund stefnda eins og að framan greinir.

Stefndi kvað verk það er unnið var hafa verið unnið í tímavinnu. Honum hafi þótt reikningur fyrir vinnuna hár og ennfremur hafi hann aldrei fengið reikning frá stefnanda, honum hafi verið sýndir reikningar en ekki afhentir. Þá sagði hann að hann hafi talið nauðsynlegt að hafa votta að samtali þeirra stefnanda þar sem hann hefði ástæðu til að ætla að stefnandi rengdi það sem þeim fór á milli. Hefði stefnandi þá nokkru áður framvísað reikningi fyrir vinnu og hafi sagt stefnda að hann hefði slegið af honum kr. 10.000,00 vegna söluskatts. Hafi þetta gert sig tortrygginn í garð stefnanda og hafi hann viljað hafa vaðið fyrr neðan sig í viðskiptum þeirra.

Stefndi sagði að stefnandi hafi í fyrstu ekki viljað taka við víxlinum sem greiðslu en hafi síðan snúist hugur, tekið í hönd þeirra hjóna og lýst því yfir að málið væri þar með úr sögunni. Hins vegar hafi hann komið til sín daginn eftir og sagst munu fara lengra með mál þetta.

Vitnið Páll Magnússon, Sambyggð 10, Þorlákshöfn, kom fyrir dóm og kvað stefnda hafa beðið sig um að vera vitni að samtali þeirra stefnanda. Hafi hann beðið ásamt vitninu Sveinbirni Rúnari Helgasyni í herbergi inn af eldhúskróki þar sem stefnandi og stefndi ræddust við þann 15. ágúst 1985. Hafi hann átt að biða og sjá hvað gerðist er stefndi byði fram víxlinn. Hafi stefnandi tekið við víxlinum, þakkað fyrir sig, sagst ekki munu standa í þessu lengur og farið. Vitnið staðfesti undirskrift sína á dskj. nr.

25 sem rétta og kvað efni skjalsins rétt. Hann kvaðst ekki hafa samið efni hennar né haft afskipti af orðalagi hennar. Hann telji að það hafi verið lögmaður stefnda sem samdi hana.

Vitnið Sveinbjörn Rúnar Helgason, Básahrauni 16, Þorlákshöfn, kom fyrir dóm. Hann sagði að stefndi hefði beðið þá Pál um að vera vitni að því er hann greiddi stefnanda með víxli og hefði stefndi talað um það fyrirfram við vitnið að hann ætlaði að bjóða stefnanda 15 - 20.000,00 krónur sem lokagreiðslu því honum þætti reikningar stefnanda fyrir vinnu of háir. Hann sagði að stefnandi hafi tekið við víxlinum og sagt að málið væri þar með úr sögunni, stefnandi og stefndi hefðu tekist í hendur og stefnandi síðan farið. Þá sagði vitnið að stefndi hefði sagt að stefnandi gæti sótt restina ef hann færi í mál við stefnda, hafi stefnandi neitað því og sagt að málið væri úr sögunni.

Vitnið staðfesti undirskrift sína á dskj. nr. 25 og kvað efni þess rétt og að hann hefði hvorki samið efni hennar né lesið hana fyrir.

Hjá báðum vitnum kemur fram að aðilar höfðu þráttað um fjárhæð reikningsins og greiðsluna. Vitnið Páll sagði að stefnandi hefði sagt að hann ætlaði ekki að standa í þessu meira.

Á dskj. nr. 25 er yfirlýsing dagsett 19. ágúst 1985 undirrituð af vitnunum Páli Magnússyni og Sveinbirni R. Helgasyni þar sem þeir m.a. kveðast hafa verið „viðstaddir sl. fimmtudag 15. þ.m., þegar svo samdist milli Steinars Guðjónssonar, Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn, og Heimis Guðmundssonar, Lyngbergi 5, Þorlákshöfn, að Heimir tæki í vinnulaun vegna framkvæmda við húseignina Skálholtsbraut 3 sem fullnaðargreiðslu kr. 15.000,00 og vorum við jafnframt vitni að því, þegar Steinar afhenti Heimi víxil að fjárhæð kr. 15.000,00, samþykktan af Steinari til greiðslu 15. október 1985. Lýsti Heimir því þá yfir, að hér væri um endanlegt uppgjör að ræða vegna þessara vinnulauna.“

Vitnið Guðlaug Elfa Guðveigsdóttir, eiginkona stefnda, kom fyrir dóm og kvað stefnanda hafa tekið við víxli að fjárhæð kr. 15.000,00, þakkað fyrir og farið og sagt að þessu væri lokið. Hafi stefndi sagt að stefnandi gæti fengið þennan 15 þúsund kall og ekkert meir og hafi stefnandi sagt að hann gæti ekki sætt sig við þetta. Hafi stefnandi samt tekið við víxlinum og farið með hann eins og að framan greinir.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi reisir kröfur sínar á framlögðum reikningi ásamt vinnuseðlum. Hafi stefnandi ásamt starfsmönnum sínum unnið verk fyrir stefnda sem honum beri að greiða og vitnar hann til laga nr. 39/1922. Stefndi hafi ekki gert neitt til að véfengja reikning stefnanda.

Þá mótmælir stefnandi því að sannað sé að aðilar hafi gert með sér

samkomulag um að stefndi hafi gert upp kröfu stefnanda með því að afhenda honum víxil þann 15. ágúst 1985.

Þá var því mótmælt að stefndi hafi með greiðslu í Landsbanka Íslands í Þorlákshöfn efnt greiðsluskyldu sína þar sem stefnandi hafi ekki fengið neina tilkynningu frá stefnda um greiðsluna og ekki vitað um hana fyrr en rúmum mánuði eftir að hún var greidd. Verði stefndi því að bera hallann af því að geymslugreiðslu var áfátt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann skuldi stefnanda ekki neitt, þar sem samkomulag hafi orðið með þeim um að stefndi greiddi stefnanda sem fullnaðargreiðslu kr. 15.000,00 með víxli þann 15.10. 1985. Vísar hann um þetta til yfirlýsingar á dskj. nr. 25 og vættis vitnanna Páls Magnússonar og Sveinbjarnar Rúnars Helgasonar. Stefndi hafi geymslugreitt kr. 15.000,00 í Landsbanka Íslands, Þorlákshöfn, á gjalddaga víxilsins, þar sem hann hafði enga frekari tilkynningu fengið um vistunarstað. Hafi hann þannig fullnægt greiðsluskyldu sinni og eigi stefnandi því ekki frekari kröfur á hann.

Niðurstaða:

Stefnandi hefur lagt fram reikning fyrir vinnu sína og starfsmanna sinna og vinnuseðla sína og starfsmanna sinna á dskj. 9 - 15 og 28 - 30. Af hálfu stefnda voru gerðar athugasemdir við reikninginn í greinargerð á dskj. nr. 26.

Stefnda hefur ekki tekist að hnekkja reikningi stefnanda og þykir mega leggja hann til grundvallar í málinu.

Stefnandi tók víxil að fjárhæð kr. 15.000,00 með gjalddaga 15. október 1985 á fundi þeirra stefnda á heimili stefnda þann 15. ágúst 1985 en reikningsfjárhæð var kr. 37.320,00. Ekki kemur fram í málinu að stefnandi hafi áritað reikninginn um greiðslu eða gefið stefnda kvittun. Ummæli stefnanda í þá átt að hann ætlaði ekki að standa í þessu lengur hafa verið skýrð þannig af stefnda að honum væru gefnar upp skuldir. Á þessa málsástæðu verður ekki fallist þar sem ekki verður talið nægjanlega sannað að stefnandi hafi gefið stefnda upp eftirstöðvar skuldarinnar eins og á stendur í máli þessu. Þar að auki þykja ákvæði 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986 3. gr., girða fyrir að stefndi geti borið fyrir sig að honum hafi verið gefin eftir skuldin.

Á dskj. nr. 27 hefur verið lagt fram ljósrit af kvittun afgreiðslu Landsbanka Íslands í Þorlákshöfn dags. 15.10. 1985 þar sem segir í dálki merktum „skýringartexti“ „deponering nr. 8“ og er upphæð sú er greidd var kr. 15.000,00.

Ekki kemur fram hvað verið er að greiða eða hvers vegna geymslugreiðsla var nauðsynleg og ekki tilkynnti stefndi stefnanda um greiðsluna.

Greiðsla þessi fullnægði ekki ákvæðum laga nr. 9/1978 um geymslufé og þykir stefndi ekki hafa efnt greiðsluskyldu sína hvað þennan hluta skuldarinnar snertir.

Verður niðurstaða málsins því sú að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 37.320,00 en upphafstími vaxta verði 1. september þar sem ekki er ljóst að reikningi hafi verið framvísað fyrr en 15. ágúst 1985.

Þá ber að staðfesta löghaldsgerð, sem fór fram 14.2. sl. í húseign stefnda Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn.

Málkostnaður ákveðst kr. 28.000,00.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Steinar Guðjónsson, greiði stefnanda, Heimi Guðmundssyni, kr. 37.320,00 með 45% ársvöxtum frá 1.9. 1985 til 1. mars 1986 en með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á. en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 28.000,00 í málkostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Framangreint löghald í húseigninni nr. 3 við Skálholtsbraut í Þorlákshöfn er staðfest.

Löghaldsgerð fógetaréttar Árnæssýslu 14. febrúar 1986.

Ár 1986, föstudaginn 14. febrúar var fógetaréttur Árnæssýslu háður að lögreglustöðinni í Þorlákshöfn með undirrituðum vottum af fulltrúa sýslumanns Karli F. Jóhannssyni fulltrúa.

Fyrir tekið: Málið nr. 110/1986 Hilmar Guðmundsson gegn Steinari Guðjónssyni.

Fógeti leggur fram:

Nr. 1 - 7, gerðarbeiðni + reikninga.

Gerðarbeiðandi er sjálfur mættur og með honum Sigurður Sigurjónsson hdl. og krefst hann löghalds fyrir skuld skv. dskj. 1 að fjárhæð kr. 37.320,- með 42% ársvöxtum frá 1.8. 1985 til 1.9. s.á., en með 45% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og til greiðslu málkostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Gerðarþoli mætir hér sjálfur og samþykkir hann að gerðin fari hér fram og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættum, sem er ólög-lærður.

Mótmælir gerðarþoli framkominni kröfu og kveðst hafa gert upp við gerðarbeiðanda að fullu. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu gerðarþola lýsti fógeti yfir löghaldi í fasteigninni Skálholtsbraut 3, Þorlákshöfn, gegn kr. 40.000,- tryggingu. Af hálfu gerðarbeiðenda er lögð í réttinum 40.000,- kr. ávísun. Gerðarbeiðandi lýsir því yfir að hann hyggist fá ávísun þessari breytt í bankaábyrgð eftir helgi.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.